



# Sjálfbærnisráýrsla IKEA á Íslandi FY24



# Ávarp framkvæmdastjóra

Á undanförunum áratug eða svo hefur almennur skilningur á sjálfbærni þróast mikið og vitundarvakning átt sér stað sem knúið hefur fram áþreifanlegar breytingar á bæði regluverki og starfsumhverfi fyrirtækja. Þegar við horfum til baka sjáum við ofuráherslu á beina losun fyrirtækja sem auðvelt er að mæla og birta í skýrslum en við vitum í dag að hún er bara toppurinn á ísjakanum. IKEA hefur í sinni 81 árs sögu alltaf staðið fyrir sjálfbærni og hefur á seinni árum sem stærsti húsbúnaðarframleiðandi heims verið í fararbroddi með metnaðarfullum markmiðum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, öxlun ábyrgðar á starfsfólki og samfélögum í virðiskeðjunni á sama tíma og hún hefur fært út kvíarnar til að bæta daglegt líf fyrir sem flesta með góðum húsbúnaði á lágu verði.

Í umræðunni um sjálfbærni fyrirtækja gleymist oft að tilgangurinn og viðskiptahugmyndin geta verið hluti sjálfbærniþræðisins. Samfélagsleg ábyrgð, og stór hluti sjálfbærniþræðisins okkar í Kaupþingi 4, er að bjóða íslenskum neytendum upp á húsbúnað og mat sem flestir hafa efni á. Markmiðið er ekki aukin neysla heldur ábyrgari neysla með vörum sem stuðla að sjálfbærni miðað við sambærilegar vörur, miklu úrvali okkar í „Umbúðalaust“ og framboði af viðhalds- og viðgerðarvörum til að lengja líftíma húsbúnaðarins. Af þessu erum við stolt og stöndum vörð um í daglegum störfum.

Á komandi misserum taka gildi reglugerðir um ítarlegar sjálfbærnisráðgjafir sem vafalaust verða framfaraskref því ekki er hægt að bæta það sem ekki er mælt. Við megum samt ekki missa sjónar á stóru myndinni í svo flóknum og tæknilegum verkefnum því markmiðið hefur ekkert breyst og verður áfram aðeins raunhæft ef allir taka þátt, hver með sínum styrkleika.

Þessi skýrsla, eins og aðrar vörur IKEA, er einföld og aðgengileg og veitir þér yfirlit yfir sjálfbærniþrætti okkar á seinasta fjárhagsári og stefnu til framtíðar.

*Stefán R. Dagsson, framkvæmdastjóri IKEA.*





# Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	1
Efnisyfirlit	2
<b>YFIRLIT</b>	
Um þessa skýrslu	4
Hvað er IKEA	5
IKEA á Íslandi	7
Sjálfbærnistefnur	8
IKEA í tölum	10
<b>SKÝRSLAN</b>	
Umhverfi	13
Félagslegir þættir	17
Stjórnhættir	21
Tækifæri og áskoranir	24
<b>UMRÆÐA</b>	
Nýja viðbyggingin	27
Stefnumótun og gæðastjórnun	28
Græni plúsinn	29
Miðstöð slysavarna barna	30
Plastplan	31
Ný gerð umbúðapappírs	32
Verðskuldað traust	33





# Yfirlit

Um þessa skýrslu

Hvað er IKEA

IKEA á Íslandi

Sjálfbærnistefnur

IKEA í tölum



## Um þessa skýrslu

Þessi skýrsla nær yfir sjálfbærnimál IKEA á Íslandi. Einungis er farið í aðalatriði sjálfbærnimála IKEA á heimsvísu til að veita lesandanum samhengi. Við útgáfu þessarar skýrslu lágu ekki fyrir endanlegar sjálfbærnitölur FY24 hjá IKEA á heimsvísu. Þeim tölum verða gerð skil á miðlunum okkar og í næstu sjálfbærnisráðgjöf.

Sjálfbærnisráðgjöf okkar hafa þróast frá 2018 í takti við auknar kröfur um upplýsingagjöf, þekkingu og skilning þjóðfélagsins á málaflokknum og getu til að safna saman og birta ítarlegar upplýsingar sem skipta máli fyrir lesendur. Þær hafa fengið mismunandi nöfn líkt og umhverfisskýrsla, samfélagsskýrsla og auðvitað sjálfbærnisráðgjöf en taka allar á sama efni. Með gildistöku reglugerða um sjálfbærniuppgjör á komandi árum eykst samræmi í skýrslugerð milli útgefenda sem og ítarleiki upplýsinga sem koma fram í þeim skýrslum. Hjá IKEA er undirbúningur þegar hafinn.

Þegar árangur er metinn er mikilvægt að gera grein fyrir breytingum í innviðum eða aðferðafræði við útreikninga sem hafa áhrif á tölulegar upplýsingar. Þessi skýrsla nær yfir mikið breytingatímabil hjá IKEA þar sem ný 12.000 m<sup>2</sup> viðbygging var tekin í gagnid á sama tíma og nokkrar starfsstöðvar voru teknar úr notkun, nýtt flokkunarsvæði tók við af bráðabirgðalausn, aukning var í pappa og bylgjupappa sem umbúðaeefni frá birgjunum okkar og kolefnisbókhaldið fékk gagngera endurskoðun á aðferðafræði fyrir komandi tíma. Það má þess vegna búast við að tölur þessa fjárhagsárs marki tímamót og þurfi að skoðast með fyrirvara í samanburði við fyrri ár og skýrslur framtíðar.



# Hvað er IKEA

## Meira en vörumerki

Sýn okkar „að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flest“ er stýrt af viðskiptahugmyndinni „að bjóða upp á vel hannaðan húsbúnað á það lágu verði að sem flest hafi efni á að kaupa hann“.

## Sjálfbært af hugsjón

Þegar Ingvar Kamprad stofnaði IKEA árið 1943 voru ábyrg nýting hráefna og hagkvæmni í framleiðslu og flutningi það sem gerðu honum kleift að bjóða upp á húsbúnað á samkeppnishæfu verði. Hugsjón Ingvars risti þó dýpra með virðingu fyrir bæði umhverfi og samfélagi. Sú hugsjón fylgir IKEA enn í dag í hugum neytenda sem traust vörumerki með sjálfbærni að leiðarljósi.

## Ekki bara hvað heldur hvernig

Framleiðendur og smásalar hafa hlutverki að gegna í mótun ábyrgar neyslumeningar. Tvær algengustu leiðirnar eru hærrí verðlagning svo að aðeins efnameira fólk geti keypt vörurnar eða með sjálfbærari, ábyrgari og hagkvæmari framleiðslu. IKEA stendur við þá sýn að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flest og stuðla þannig að auknum lífsgæðum fólks um allan heim og hefur skuldbundið sig til að gera það á sjálfbæran og ábyrgan hátt.





### Að þora að vera öðruvísi

Við reynum að gera hlutina öðruvísi. Það er fólgið í kjarna IKEA að leita nýrra leiða og finna lausnir þar sem þær hafa ekki fundist áður, að virkja frumkvöðlaeðlið í okkur öllum. Við höfum mætt fjölda áskorana til að bjóða upp á vel hannaðan húsbúnað á verði sem flest ráða við, unninn af fólki með sómasamleg og þýðingarmikil störf, úr sjálfbærari efnivið sem tekur jafnvel fjölda ára að þróa, og lækka á sama tíma kolefnissporið okkar umtalsvert. Þetta gerum við ekki að ástæðulausu. Við gerum það vegna þess að okkur þykir það besta leiðin til að halda okkur á tánum, vera skapandi, koma á óvart og halda tengslum við fólk. Við gerum það vegna þess að það heldur vörumerkinu fersku að prófa nýja og spennandi hluti og vegna þess að það gefur okkur öllum bjartari framtíð.

Vörumerkið okkar stendur fyrir allt það sem við segjum og gerum. Samband okkar við starfsfólk, birgja og samstarfsaðila endurspeglast líka í vörumerkinu. Það er tákn alls sem við stöndum fyrir og tengir alla IKEA söluaðila og aðra anga IKEA starfsmennar. Það er nokkuð sem þarf að vernda með stolti. IKEA sameinar þúsundir starfsfólks og hundruð fyrirtækja með mismunandi eignarhald um allan heim. Það er eitt vörumerki með eina hugsjón en nær til milljóna heimila og hjarta.



# IKEA á Íslandi

## Hluti af stórrri heild

Á Íslandi, eins og um allan heim, fylgjum við hugsjón IKEA og því margt sem rekja má beint til IKEA á heimsvísu. Vöruúrvalið, gæðakröfur, þjónusta og stjórnhættir eru dæmi um það sem IKEA stendur fyrir um allan heim. Viðskiptavinir okkar geta treyst á svipaða upplifun og þjónustu óháð staðsetningu á meðan starfsfólk og hagsmunaaðilar geta treyst á sambærilega stjórnhætti og aðbúnað. Verkfærin sem IKEA hefur til þessa eru þétt tengslanet og skýrar boðleiðir um keðjuna auk staðla á borð við IConduct, sem sérleyfishafar þurfa að uppfylla og IWAY sem allir birgjar þurfa að standast.

## Samt svo sérstök

Hver IKEA verslun er samt einstök. IKEA á Íslandi ber ábyrgð gagnvart sínum viðskiptavinum, starfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum. Við höfum frá fyrstu tíð lagt okkur fram um að mæta þeim sérstöku aðstæðum sem íslenskur markaður býr við, bæði áskorunum og tækifærum. Okkur ber að nýta þau tækifæri sem okkur bjóðast til að standa okkur betur, jafnvel á þeim sviðum sem við stöndum öðrum IKEA verslunum mun framar, til að mynda í sjálfbærum orkugjöfum og aðgengi að sorpflokkunarlausnum. Að sama skapi tökumst við á við áskoranir sem fæstar IKEA verslanir mæta líkt og langar og óblíðar skipaleiðir fyrir vörunar okkar og fámennan markað á dreifðu landsvæði. Eigendur, stjórnendur og starfsfólk okkar hafa leitað og fundið leiðir sem henta íslenskum aðstæðum. Þannig er sýn og tilgangi IKEA haldið á lofti, íslenskum neytendum til hagsbóta, og við öxlum ábyrgð í sjálfbærnivegferð IKEA um allan heim.





# Sjálfbærni- stefnur

## Á heimsvísu

Árið 2023 var sjálfbærnistefna IKEA frá 2018 endurskoðuð og markmið uppfærð. Margt hefur breyst á stuttum tíma og var gleðilegt að markmið um 15% minni losun fyrir árið 2030 náðist og gott betur, árið 2023 höfum við þegar náð 22% minnkun og því tækifæri til að gera enn betur. Uppfærð stefna hefur verið byggð á þremur eftirfarandi þáttum:

### Heilbrigðir og sjálfbærir lifnaðarhættir

Skuldbindingar IKEA til 2030 eru meðal annars að bjóða vörur, þjónustu og lausnir sem stuðla að heilbrigðum og sjálfbærum lifnaðarháttum heima fyrir auk úrvals matvæla sem stuðla að heilbrigði og sjálfbærni. IKEA vinnur líka að samfélagi þar sem heilbrigður og sjálfbær lífsstíll er sjálfsgæður.

### Loftslag, náttúra og hringrás

IKEA skuldbindur sig til að helminga losun virðisikeðjunnar sinnar fyrir 2030 á leið sinni að kolefnishlutleysi (Net-Zero) árið 2050. Þessi markmið hafa fengið vottun SBTi<sup>1</sup> um að vera byggð á raunhæfum og vísindalegum grunni. Samtímis er IKEA að færast í átt að hringrásarrekstri og vinnur að endurnýjun auðlinda, verndunar vistkerfa og bætingu líffjölbreytileika.

### Sanngirni og jafnræði

IKEA skuldbindur sig til að stunda ábyrg viðskipti og vinna að þrautseigum samfélögum (e. resilient societies). IKEA leggur sig fram um að bjóða upp á og stuðla að sómasamlegum og þýðingarmiklum störfum í gegnum alla virðisikeðju IKEA og vera auk þess vörumerki jafnræðis, fjölbreytni og inngildingar.

## Á Íslandi

IKEA á Íslandi framfylgir stefnum IKEA vörumerkisins innanlands með því að útfæra meginþætti og markmið að staðbundnum aðstæðum. Þegar þessi skýrsla er rituð er sjálfbærnistefnan okkar í endurskoðun og mun ný útgáfa meðal annars taka mið af IConduct, IWAY og uppfærðri sjálfbærnistefnu IKEA frá 2023. Helstu gæðamarkmið munu snúa að bættum mælingum og mælipunktum (KPI), uppsetningu á aðferðafræði og verklagi fyrir sjálfbærniuppgjör í samræmi við kröfur CSRD<sup>2</sup>-reglugerðarinnar og ESRS<sup>3</sup>-staðalsins. Sjálfbærnimarkmið fjárhagsársins FY25 eru því ekki tilbúin til birtingar.

<sup>1</sup> Science Based Target initiative: <https://sciencebasedtargets.org/>

<sup>2</sup> Corporate Social Responsibility Directive og

<sup>3</sup> European Sustainability Reporting Standards: [https://finance.ec.europa.eu/capital-markets-union-and-financial-markets/company-reporting-and-auditing/company-reporting/corporate-sustainability-reporting\\_en](https://finance.ec.europa.eu/capital-markets-union-and-financial-markets/company-reporting-and-auditing/company-reporting/corporate-sustainability-reporting_en)





# IKEA í tölum



## Fjármunir

- + **Sala**  
FY24 14.743M (-1,2%)  
FY23 14.927M
- + **EBITDA**  
FY24 1.255M (-6,7%)  
FY23 1.345M
- + **Flatarmál rekstrar**  
FY24 43.000 m<sup>2</sup> (+40,5%)  
FY23 30.600 m<sup>2</sup>



## Umhverfi

- + **Heildarlosun**  
FY24 1.911 tCO<sub>2</sub>í (-1,2%)  
FY23 1.934 tCO<sub>2</sub>í
- + **Losun í umfangi 1**  
FY24 309 tCO<sub>2</sub>í (+28,8%)  
FY23 240 tCO<sub>2</sub>í
- + **Úrgangur frá rekstri**  
FY24 965.674 kg (-4,1%)  
FY23 1.006.836 kg
- + **Losun í umfangi 2**  
FY24 94 tCO<sub>2</sub>í (-16,1%)  
FY23 112 tCO<sub>2</sub>í
- + **Losun af úrgangi**  
FY24 51 tCO<sub>2</sub>í (-65,8%)  
FY23 149 tCO<sub>2</sub>í
- + **Losun í umfangi 3**  
FY24 1.508 tCO<sub>2</sub>í (-4,7%)  
FY23 1.582 tCO<sub>2</sub>í
- + **Aðkeyptur flutningur og dreifing**  
FY24 1.023 tCO<sub>2</sub>í (-13,2%)  
FY23 1.179 tCO<sub>2</sub>í
- + **Jarðefnaeldsneyti**  
FY24 74 tCO<sub>2</sub>í (-20,4%)  
FY23 93 tCO<sub>2</sub>í

### + Flokkunarhlutfall



### + Endurvinnsluhlutfall



## Mannauður

### + Starfsfólk

Starfsfólk 436  
 Hæsti starfsaldur er 31 ár  
 Samanlagður starfsaldur 2098 ár  
 Meðalstarfsaldur 4,9 ár  
 Meðalaldur 35,8 ár  
 Þjóðerni 45

### + Launamunur



FY24 0,6%  
 FY23 0,7%

### + Hlutfall kynja í stöðu yfirmanna og stjórnenda

<b>Konur</b>	<b>Karlar</b>
FY24 54%	FY24 46%
FY23 59%	FY23 41%

### + Meðalstarfsmannavelta

FY24 2,6%  
 FY23 2,4%







# Skýrslan

Umhverfi

Félagslegir þættir

Stjórnhættir

Tækifæri og áskoranir

# Umhverfi


## Umfang 1

Mælingar í umfangi 1 ná til eldsneytis á farartækjum og vinnuvélum í eigu IKEA auk innkaupa á kælimiðlum fyrir kæli- og frystitæki sem skráist sem lekalosun. Aukning var á losun í umfangi 1 úr 240 tCO<sub>2</sub> í FY23 í 309 tCO<sub>2</sub>. Minnkun var á losun frá eldsneytisnotkun úr 112 tCO<sub>2</sub> í 94 tCO<sub>2</sub> en lekalosun jókst úr 147 tCO<sub>2</sub> upp í 235 tCO<sub>2</sub>. Þetta er fyrsta árið sem við skráum lekalosun og var uppgjör fyrri ára uppreiknað. Skráð lekalosun FY24 er 60% meiri en árið áður en það helgast af tímasetningu keyprar vöru og þjónustu frekar en raunverulegri aukningu í lekalosun. Fyrir losun frá eldsneytisnotkun er samanburður langt aftur í tímann erfiður vegna óeðlilegra rekstraraðstæðna sökum Covid-heimsfaraldursins fram til 2022, en það er fyrsta árið sem eðlilegt er að miða við. Eins og sést á línuritinu hér til hliðar endurspeglar eldsneytisnotkun á FY21 mikla aukningu í heimsendingum þegar „Smelltu og sæktu“ var bætt við þjónustuleiðir okkar sem svar við nándartakmörkunum í þjóðfélaginu, auk þess sem lokun verslunarinnar vegna samkomutakmarkana minnkaði notkun vinnuvéla við ruðning og önnur störf. Samanburður við FY21 væri okkur því sérstaklega hagstæður en gæfi ekki rétta mynd. Þess vegna viljum við ekki horfa lengra aftur en til FY22. Á þeim tíma hefur ferðum vegna heimsendinga fækkað nokkuð eða um 22,7% milli FY22 og FY24, við höfum fjölgað rafbílum í útlán fyrir viðskiptavinum og þjónustubílum sem við notuðum mest var skipt út fyrir rafmagnsbíl.

Á árinu FY25 verður eldri heimsendingabílum skipt út fyrir nýja. Þeir sem urðu fyrir valinu eru dísel-knúnir en ekki raf-knúnir eins og hefði verið best út frá losunarmarkmiðum en minni burðargeta rafbíla af sömu stærð á mótí sparneytnari díselvélum nýrri bíla var grundvöllur ákvörðunarinnar. Rafbílavæðing er þó enn á dagskrá hjá okkur og höfum við nýtt tækifærin til að skipta út þjónustubílum og endurnýjuðum meðal annars hluta rafbílanna í útleigufлотanum svo viðskiptavinir okkar geta rúllað enn betur á rafmagni.



## Eldsneyti eftir notkun





## Umfang 2

### Heitt vatn

Minnkun var í losun frá umfangi 2 úr 112 tCO<sub>2</sub> í 94 tCO<sub>2</sub>. Lækkunin var öll vegna minni notkunar á heitu vatni eða um 20 tCO<sub>2</sub>. Minni notkun var á snjóbræðslukerfinu, líklega veðurtengt, en þar að auki tókum við úr notkun þrjár starfsstöðvar á tímabilinu; tvær í apríl og eina í júlí. Á móti kemur aukning vegna nýrrar viðbyggingar sem þó var komin inn í mælingar fyrir byrjun FY24.

### Raforka

Að meðaltali, frá FY22, notar starfsemin í Kaupúni 4 alls 90,8% af raforku IKEA. Raforkunotkun í Kaupúni 4 hefur á framkvæmdatíma viðbyggingarinnar aukist um 20,5% (FY24 m.v. FY22) en rekja má það að hluta til umsvifa byggingaverktaka vegna framkvæmda til viðbótar við raunverulega aukningu á notkun viðbyggingarinnar.

Aðrar starfsstöðvar okkar FY24 voru Suðurhraun 10 með 3,8% raforkunotkunar, Urriðaholtsstræti 10 með 0,1% og Kaupún 3 með 5,3%. Suðurhraun 10 og Kaupún 3 voru tekin úr notkun í apríl 2024 en Urriðaholtsstræti 10 var í notkun út júlí.

## Umfang 3

### Vöruflutningur

FY24 voru aðkeyptir vöruflutningar til og frá IKEA 54% af mældri heildarlosun, sem er lækkun úr 61% FY23 og nemur 156 tCO<sub>2</sub>. Sjóflutningar eru 94% losunarinnar en aðeins 6% koma frá sendingum út á landsbyggðina. Heimsendingar með sendibílum IKEA á höfuðborgarsvæðinu teljast til umfangs 1. Sé heimsendingum á vegum IKEA bætt við aðkeypta vöruflutninga er losun frá þeim 2% af vöruflutningum, sendingar út á landsbyggðina áfram 6% en sjóflutningar 92% af losun vegna vöruflutninga.

## Úrgangur og flokkun

Fyrirvari er gerður á tölum um úrgangslausun þar sem lagfæra þurfti handvirkt tölur um afdrif blandaðs úrgangs frá IKEA. Framan af var allt skráð í urðun en breytingar voru gerðar hjá Terra á tímabilinu, í takt við breytingar á lögum og reglum, og úrvinnsla úrgangs var ýmist urðun, brennsla án orkunýtingar og brennsla með orkunýtingu. Ekki er hægt að henda reiður á hvert úrgangur frá okkur fór nákvæmlega hverju sinni og var ákveðið að fara milliveginn og skrá blandaðan úrgang sem brenndan án orkunýtingar. Í framtíðinni mun allur blandaður úrgangur vera sendur erlendis til brennslu til orkunýtingar.

Losunarstuðull vegna brennslu án orkunýtingar er talsvert lægri en stuðullinn vegna urðunnar sem endurspeglast í lækkun skráðrar heildarlosunar um tvo þriðju milli ára, í 51 tCO<sub>2</sub> FY24 úr 149 tCO<sub>2</sub> FY23. Um raunverulega minnkun var þó líka að ræða en FY24 minnkaði heildarmagn úrgangs um 41 tonn.

Á árinu var notast við bráðabirgðaaðstöðu til flokkunar í Kaupúni 4. Það var rétt í lok FY24 sem ný flokkunaraðstaða var tekin í gagnið og er sú aðstaða enn í vinnslu en verður bráðum fullkláruð. Búist var við að á framkvæmdatímanum myndi flokkun fara versnandi vegna verri flokkunaraðstöðu. Flokkunarhlutfallið tók hins vegar stökk úr 80,8% í 92,6% og náðum við þar með markmiðinu sem sett var fyrir FY25. Dugnaður starfsfólks og aðhald stjórnenda er þar um að þakka og munaði þar mest um starfsmenn í vörumóttöku birgðasviðs sem hafa meðal annars tekið að sér niðurrif grófs úrgangs úr ólíkum efnum og koma þeim í viðeigandi flokka.



Áskoranir eru margar í úrgangsflokkun á fjölmönnum svæðum eins og verslun, veitingastað og mötuneyti starfsmanna. Því miður fer úrgangur of oft í röng ílát sem getur skert eða alveg skemmt endurvinnsluhæfi þess sem fyrir er. Þar verður til dæmis lífrænn úrgangur of oft ónothæfur í moltugerð vegna blöndunar við ólífrænt sorp og flokkast þá sem blandaður úrgangur og pappírstunnur eru nýttar fyrir sorp sem ekki má flokka með pappír sem fær sömu örlög. Við sjáum möguleika í að bæta enn flokkunarhlutfallið á svæðum starfsmanna en erfiðara hefur reynt að eiga við flokkun frá viðskiptavinum. Við munum leita leiða í framtíðinni til að mæta þeirri áskorun.

Endurvinnsluhlutfallið stóð nánast í stað, með hækkun úr 71,5% í 72%. Skýringar á því kunna að liggja í eðli flokkaðs úrgangs sem losaður er frá starfsemi, hvort sem hann er flokkaður eða ekki. Markmiðið fyrir lok FY25 er að ná endurvinnsluhlutfallinu upp í 80% og því ljóst að átaks er þörf í samstarfi við úrgangslausunaraðila eigi það markmið að nást.

Lífrænn úrgangur kemur að mestu úr eldhúsi, af diskum veitingastaðagesta og starfsmanna, bakaríinu og Sænsku búðinni. Hverfandi magn kemur frá öðrum starfsstöðum. Í eldhúsinu býr „svínið“, matarkvörn sem maukar lífrænan úrgang í bland við vatn og dælir á stóran tank. Þaðan er honum dælt á tankbíla og komið í moltuvinnslu hjá Gaju. Lífræni úrgangurinn er um 12,2% af öllum úrgangi frá IKEA, áætlað um 115,8 tonn að frádregnu vatnsmagni sem er ekki undir 12% af lífvökvanum í tankinum.

## Ferðalög

Viðskiptaferðir hafa aðallega verið vegna funda og þjálfunar á vegum Inter IKEA Systems B.V., eiganda IKEA vörumerkisins, auk samstarfs við samstarfsfólk okkar í Eystrasaltslöndunum sem eru undir sama eignarhaldi og IKEA á Íslandi. Ómarktæk minnkun var á þessum losunarþætti eða úr 26 tCO<sub>2</sub>í fyrir FY23 í 22 tCO<sub>2</sub>í fyrir FY24. Aðeins eru talin fram flug en ekki gisting, akstur eða ferðir innan Íslands þó hugur stefni á aukna upplýsingasöfnun á því.

Samgöngur starfsmanna eru birtar með fyrirvara um þátttöku og skekka svörun í samgöngukönnun sem ekki þykir lýsandi fyrir þýðið. Mikil hækkun var milli ára, úr 172 tCO<sub>2</sub>í FY23 upp í 371 tCO<sub>2</sub>í fyrir FY24. Slík hækkun endurspeglar ekki í öðrum breytingum innan fyrirtækisins eða upplifunar starfsmanna sem rætt hefur verið við. Niðurstöðurnar og reynslan af þessari könnun munu leiða til breytinga á aðferðafræði við öflun þessara upplýsinga fyrir sjálfbærniuppgjör FY25.





# Hvað gerum við dagsdaglega?

## Takmörkum notkun

- + Áætlanagerð og sveigjanleiki í framleiðslu á veitingastað og í bakaríi minnkar matarsóun.
- + Samræming milli deilda við birgðastýringu tryggir að nægt framboð sé á söluvörum en lítið af umframvörum.
- + LED lýsing, snjallkerfi á ljósum og sparneytin raftæki draga úr orkunotkuninni okkar.
- + Kranar með hreyfiskynjurum og minnkuðu flæði í nýjum rýmum draga úr vatnsnotkun.
- + Snjallhitastýring byggingar viðheldur ákjósanlegu hita- og rakastigi sem dregur úr orkunotkun.
- + Bjóðum gjaldfrjáls rafhleðslustæði fyrir starfsmenn og viðskiptavinum og stuðlum þannig að minni notkun jarðefnaeldsneytis.
- + Skrifstofur IKEA eru nánast pappírslausar.
- + Rafrænir verðmiðar draga úr prentun og spara þannig bæði pappír og prentmiðil.

## Endurnýtum

- + Nýtum afskorninga í matvælaframleiðslu vel og samræmum framboð á veitingastað og í mótuneyti til að draga úr sóun.
- + Efni fyrir útstillingar í búð nýtast aftur og aftur. Þegar útstilling er tekin niður fer efnið í geymslu frekar en endurvinnslu.
- + Endurnýtum húsgögn og tæki innanhúss eftir því sem hægt er.
- + Endurnýtum pappabretti frá birgjum í heimsendingar og drögum þannig bæði úr kostnaði og losun.
- + Kurlum bylgjupappa og notum til fyllingar og verndunar heimsendra vara í stað þess að nota plastbaunir eða sambærilegt fylliefni.
- + Gerum við eigin búnað ef mögulegt er enda mikill mannauður á okkar vegum.

## Styðjum við hringrásarhagkerfið

- + Bjóðum upp á Umbúðalaust fyrir skila- og sýningarvörur og vörur í hnjóskuðum umbúðum.
- + Bjóðum upp á varahluti í flestar vörur.
- + Erum í samstarfi við Góða hirðinn og höfum svæði þar merkt IKEA.

## Endurvinnum

- + Flokkum 92,7% af úrgangi frá IKEA.
- + Tökum grófan úrgang í sundur og flokkum.
- + Veljum úrgangspjónustuaðila út frá endurvinnslugetu þeirra.
- + Tínum upp rusl í umhverfi IKEA í samstarfi við nágretta okkar í Kaupúninu.

# Félagslegir þættir

## Jafnrétti og mismunun

Í ár líkt og í fyrra hlutum við viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar á vegum Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) sem hefur það markmið að hlutfall kvenna í stjórnendastöðum fyrirtækja sé ekki minna en 40%. Hjá okkur er kvenfólk 54% af stjórnendum, en af heildarstarfsmannafjölda eru karlar 59,6%, konur 39,9% og kynsegin 0,5%.

Jafnræðishugarfar IKEA er enn fremur endurspeglað í jafnlaunavottun sem við höfum haldið frá 2013 og vorum meðal þeirra fyrstu að ná. Óútskýrður launamunur meðal heild- og smásöluverslana árið 2023 var 7,4% og hækkaði úr 6,9% frá 2022 í takt við óæskilega almenna þróun í þessum málum. Við hjá IKEA erum stolt að eiga ekki þátt í þessari hækkun en samkvæmt jafnlaunaúttektinni minnkaði óútskýrður launamunur úr 0,7% fyrir FY23 niður í 0,6% fyrir FY24.

Hjá IKEA er mismunun ekki liðin, í hvaða mynd sem hún birtist. Á fjölmönnum og fjölþjóðlegum vinnustaðum erum við meðvituð um aukna áhættu á mismunun vegna mismunandi lífsskoðana, menningarbakgrunns og uppeldis starfsmanna og viðskiptavina. Mannauðsstefna, almennar reglur fyrir starfsfólk og viðbragðsáætlanir gegn kynbundnu- eða kynferðisáreiti, einelti og ofbeldi hjálpa okkur að skapa öruggt starfsumhverfi og bregðast skjótt við.



## Starfsfólk

Af um 436 einstaklingum sem vinna hjá okkur eru 40% þeirra undir þrítugu. Sú samsetning skapar bæði hressandi og skapandi starfsanda þar sem ferskar hugmyndir verða oft að veruleika. Andstætt því sem ætla mætti er meðalstarfsaldur innan IKEA samt tiltölulega hár, eða tæp 5 ár. Hjá IKEA leggjum við áherslu á að skapa góðan vinnustað og fer starfsaldurinn því ört hækkandi úr 2,6 árum fyrir aldurshópin 20-29 ára, upp í 9 ár hjá 50-59 ára sem skapar ómetanlega rekstrarþekkingu innan fyrirtækisins.

Í takt við stórt hlutfall starfsfólks á bæði framhalds- og háskólaaldri í hlutastörfum er starfsmannavelta hæst í þeim hópi eða tæplega 50% uppsafnað yfir árið. Hjá starfsfólki yfir þrítugt nær starfsmannaveltan jafnvægi í rúmlega 11% veltu að meðaltali hjá 30-69 ára. Meðalstarfsmannavelta á mánuði FY24 var 2,6%.



Tilgangur og sýn IKEA er að bæta lífsgæði fjöldans sem við gerum í gegnum vöruúrval okkar og verðlagningu þess. Að vera til staðar er hluti af okkar samfélagsábyrgð.


### Samfélagið

Tilgangur og sýn IKEA er að bæta lífsgæði fjöldans sem við gerum í gegnum vöruúrval okkar og verðlagningu þess. Að vera til staðar er því hluti af okkar samfélagsábyrgð.

IKEA tekur á móti almennum styrktarbeiðnum á heimasíðu sinni og fer styrkveitinganefnd yfir umsóknir. Málefni sem varða börn og menningu í víðtækum skilningi hafa forgang og styrkjum við eingöngu beinar umsóknir en ekki í gegnum söfnunarfyrtæki. Á seinasta ári voru samþykktar um 70 umsóknir en þar sem styrkirnir eru á margvíslegu formi er ekki hægt að verðleggja umfang styrkjanna.

IKEA á Íslandi er stoltur styrktaraðili Miðstöðvar slysavarna barna, undir forystu Herdísar Storgaard. Samstarfið hófst árið 2006 og hefur haldist óslitið síðan. Stuðningur IKEA hefur falist í beinum styrk auk alls húsbúnaðar í fyrrverandi og núverandi húsnæði miðstöðvarinnar. Miðstöðin býður upp á námskeið um slysavarnir barna og öryggi þeirra auk ráðgjafar á því sviði. Frekar er fjallað um miðstöðina aftar í þessu riti.





# Hvað gerum við dagsdaglega?

## Birgjar valdir af kostgæfni

- + Í gegnum IWAY stuðlar IKEA að samræmdu vali á birgjum um allan heim. IWAY verður innleitt hjá innlendum birgjum á næstu misserum en mikil undirbúningsvinna hefur verið í gangi hjá okkur í IKEA svo innleiðingin gangi sem best fyrir sig.

## Stuðningur við samfélagið

- + Styðjum við miðstöð slysavarna barna síðan 2006
- + Styrkjum björgunarsveitirnar með kaupum á stóra Neyðarkallinum og bjóðum þeim að selja í anddyrinu okkar.
- + Erum þátttakendur í Vinnustaðavakt SÁÁ.
- + Stöndum fyrir mjúkdýrasöfnun um jólin þar sem viðskiptavinir IKEA gefa þau til barnanna á Barnaspítala Hringsins.
- + Veitum staka styrki, aðallega til málefna menningar og barna, í gegnum styrktarbeiðnir af heimasíðunni okkar.



### Aðbúnaður starfsmanna

- +** Starfsfólki stendur til boða að sækja um námsstyrk til að þróa áfram persónulega hæfni og þekkingu og um leið hafa áhrif á framtíð sína.
- +** Samgöngustyrkur stendur starfsfólki til boða gegn því að nýta sér vistvænan og heilsusamlegan samgöngumáta til og frá vinnu.
- +** Hjá IKEA eru gjaldfrjáls hleðslustæði fyrir rafbíla, bæði starfsmanna og viðskiptavina. Samgöngustyrkur nær ekki til rafbíla en með þessu er komið til móts við eigendur þeirra.
- +** Heilsueflingarstyrkur er í boði vegna íþróttar, forvarna og heilsueflingar sem veitt er af þriðja aðila og stunduð er með reglulegum hætti.
- +** Starfsmönnum stendur til boða gjaldfrjáls morgunmatur í mötuneyti starfsmanna og auk þess er niðurgreiddur hádegismatur og fríir ávextir.
- +** IKEA leitast við að bjóða upp á fjölskylduvænt starfsumhverfi sem byggir á gagnkvæmum sveigjanleika milli starfsmanna og vinnuveitanda.
- +** Fjölbreytt úrval námskeiða og fræðsla innanhúss er í boði IKEA. Námskeið eru t.d. um launaseðilinn, starfsmannasamtöl, leiðtogaþjálfun auk þess sem milliganga er um íslenskunámskeið. Öll námskeið á vegum IKEA skólans eru starfsmönnum gjaldfrjáls.
- +** Starfsfólk fær reglulega öryggis- og skyndihjálparþjálfun sem tekur mið af aðstæðum okkar í IKEA á Íslandi.
- +** Innri starfsþróunarmöguleikar eru góðir innan IKEA sem endurspeglast í starfsaldri.
- +** Starfsmannafatnaður gegnir fjölbreyttu hlutverki, allt frá því að gera starfsfólk sýnilegra í búðinni fyrir viðskiptavinum, til þess að draga úr stéttaskiptingu enda klæðast allir starfsmenn fatnaðinum. IKEA útvegar að sjálfsögðu fatnaðinn og er hann því dálítill búbót fyrir starfsfólk.
- +** Við viljum tryggja að hver einstaklingur sé metinn af eigin verðleikum og fyllsta jafnræðis sé gætt meðal starfsmanna. Kynbundin mismunun hjá fyrirtækinu er óheimil, í hvaða formi sem er. Við fylgjum eftir jafnréttisáætlun til að framfylgja því.
- +** IKEA á Íslandi skuldbindur sig til að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir sambærilega frammistöðu og jafn verðmæt störf óháð kyni, kynþætti eða öðrum ómálefnalegum viðmiðum.
- +** Einelti, fordómar eða áreiti eru ekki liðin hjá IKEA. Viðbragðsáætlanir og trúnaðarmenn eru auglýst á áberandi stöðum fyrir starfsfólk.
- +** STIK er sérstaklega virkt starfsmannafélag starfsmanna IKEA. Félagið stendur fyrir fjölda viðburða yfir árið, til dæmis jólafundri fyrir börnin, þematengdum pub-quiz kvöldum og fjölskyldudögum með afþreyingu fyrir alla aldurshópa.
- +** IKEA og STIK eiga tvo sumarbústaði, á Vesturlandi og Suðurlandi, sem starfsmönnum býðst að leigja fyrir væga þóknun og eru nýttir mjög vel.



# Stjórnhættir

## Stjórn og eignarhald

IKEA á Íslandi er rekið af Miklatorski hf. Í stjórn þess sitja Sigurður Gísli Pálmason stjórnarformaður ásamt Jóni Pálmasynti og Sigfúsi B. Ingimundarsyni.

Sigurður Gísli og Jón Pálmasyntir eru raunverulegir eigendur Miklatorski hf. í gegnum óbeint eignarhald á hlutafé, en eignarhald er skráð á eignarhaldsfélagið Hof ehf. og Urriðakot ehf. í eigu þeirra bræðra.

## Framkvæmdastjóri

Stefán Rúnar Dagsson er framkvæmdastjóri Miklatorski hf. frá árinu 2019. Stefán hóf störf hjá IKEA 1987, þá þrettán ára gamall, og hefur starfað nánast óslitið hjá fyrirtækinu allar götur síðan. Reynsla hans af IKEA nær þó mun lengra aftur í tímann.

***„Þannig var að móðir mín vann í Hagkaup í mörg ár, en þegar Pálmi fékk leyfið fyrir IKEA og opnaði í nokkur hundruð fermetrum á efri hæðinni í Skeifunni, þar sem skrifstofurnar voru um tíma, þá fór hún yfir. Síðan varð hún þjónustustjóri hjá IKEA í Húsi verslunarinnar og Holtagörðum.“***


Stefán var meðal fyrstu starfsmanna IKEA í Holtagörðum, fyrst sem handlangari fyrir verktaka við uppsetningu en síðar var hann ráðinn í innkaupadeild, varð seinna birgðastjóri og loks sölustjóri og stýrði smávörudeildinni. Stefán kom þá einnig að uppsetningu verslunar IKEA í Vilnías í Litháen.

### Skipurit

IKEA er skipt upp í 12 verslunar- og stoðdeildir með fleiri sértæk undirsvið. Við erum alltaf að prófa eitthvað nýtt svo verkefni eru fjölbreytt. Deildir og svið vinna mikið saman í bæði föstum og tímabundnum teyrum eftir þörfum og vegna stefnu um óformlegheit og sem minnsta stéttaskiptingu hafa öll tækifæri til að hafa áhrif.

### IConduct og stjórnhættir

IKEA samræmir stjórnhætti sérleyfishafa sinna í gegnum staðlacröfur sem nefnast IConduct. Staðallinn skiptist í sjö kafla sem meðal annars telja viðskiptasiðfræði og viðskiptatengsl. Þar er til dæmis kallað eftir innviðum sem sporna við spillingu og styðja við ábyrga viðskiptahætti. Einnig ber sérleyfishöfum að tryggja réttindi starfsmanna, gæta að persónuverndarmálum, fylgja eftir IWAY kröfum til birgja IKEA og vera gegnsæ og hreinskilin í upplýsingagjöf. Eftirfylgni við staðalinn er bæði hjá starfsmönnum okkar á Íslandi með innri úttektum en auk þess eru reglulega framkvæmdar úttektir af fulltrúum Inter IKEA Systems B.V. sem er formlegur eigandi vörumerkisins.





# Markmið sett fram í sjálfbærnisráðgjafi FY23

	MARKMIÐ	STAÐA
1	Meta alla birgja í virðisæðjunni út frá sjálfbærniáherslum	Við erum á áætlun; þjálfun innanhúss er hafin og kröfur hafa verið staðfærðar.
2	Bæta flokkunaraðstöðu og flokkunarfræðslu fyrir starfsfólk	Nýja flokkunaraðstaðan er ekki alveg tilbúin en hluti hefur verið tekinn í notkun. Unnið er að sérsniðnu fræðsluefni fyrir reksturinn okkar. Almenn fræðsla er alltaf í gangi.
3	Ná flokkunarhlutfalli í 90% og endurvinnsluhlutfalli í 75% fyrir lok rekstrarársins 2025	Markmiði um flokkunarhlutfalli var náð á FY24 og stendur það í 92,6%. Endurvinnsluhlutfall jókst lítilsháttar úr 71,5% í 72%. Sértekra aðgerða er þörf ef við ætlum að auka það um 8% á FY25.
4	Draga úr notkun á einnota plasti hvar sem því verður við komið	Lítið hefur verið um einnota plast almennt hjá okkur og því úr litlu að draga. Plastskál fyrir pizzadeig í sænsku búðinni var skipt út fyrir pappaskál.
5	Draga úr heildarlosun um 20% fyrir FY25 miðað við FY16	Við endurskoðun á mælingum var þetta metið óraunhæft markmið og var fellt niður.
6	Draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá heimsendingum um 50% fyrir FY30 miðað við FY16	Við endurskoðun á mælingum var þetta metið óraunhæft markmið og var fellt niður.
7	Draga úr matarsóun í rekstri og veita fræðslu um leiðir til þess að draga úr matarsóun	Almenn fræðsla er alltaf í gangi. Gervigreindin WasteWatcher er notuð til að mæla matarsóun úr framleiðslu.
8	Þjóða alltaf upp á grænkerakost á veitingastað fyrir viðskiptavinum og í mötuneyti fyrir starfsfólk	Grænkerakostur (e. Vegan) er alltaf í boði bæði á veitingastað og í mötuneyti.
9	Að eldsneytisnotkun aukist ekki á sama tíma og leitað verður leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis	Eldsneytisnotkun hefur dregist saman milli ára vegna færri heimsendinga auk þess sem tveimur þjónustubílum var skipt út fyrir rafmagnsbíla. Annar var áður dísilknúinn en hinn var metanknúinn.
10	Efla hringrásarhugsun, m.a. með samstarfi við frumkvöðla og fræðslu bæði inn á við og út á við	IKEA er í samstarfi við Góða hirðinn, Plastplan og Festu ásamt því að þjóða upp á mikið úrval og góða þjónustu í Umbúðalaust hjá okkur.
11	Ná kolefnishlutleysi fyrir FY30	Við endurskoðun á mælingum var þetta metið óraunhæft markmið og var fellt niður.
12	Hvetja starfsfólk til að velja vistvæna ferðamáta til og frá vinnu	Samgöngustyrkur stendur starfsmönnum ávallt til boða auk þess sem IKEA er virkt í samtali við rekstraraðila vistvæns samgöngumáta. Einnig býður IKEA starfsmönnum eins og viðskiptavinum upp á gjaldfrjáls hleðslustæði.

# Tækifæri og áskoranir

Hin ótrúlega hraða þróun sem hefur átt sér stað á krossgötum sjálfbærni og tækni er hvort tveggja stærsta áskoran og tækifæri sem við stöndum frammi fyrir. Ótrúlegir möguleikar hlutanets (e. IoT / Internet of Things) færa okkur álestur mæla beint inn á mælaborð á þjónustusíðum, rafrænir reikningar endurspeglast nánast samtímis í bókhaldskerfum jafnvel með upplýsingum um kolefnisspor viðskiptanna, ferilvöktun bifreiða gefur upplýsingar um aksturshegðun, ekna kílómetra og hlutfall lausagangs auk fjölda annarra upplýsinga. Til að nýta þessa möguleika þurfum við fyrst að vita af þeim, skilja þá og hafa mannauð til að hagnýta þá fyrir hvert og eitt fyrirtæki, þar sem engin ein leið er réttust.

Framundan eru auknar kröfur um skýrsluskil á ófjárhagslegum upplýsingum eins og það nefnist. Þá er átt við þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins, að lágmarki umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál, og gera auk þess grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

Flækjustigið á reglugerðunum gnæfir yfir íslenskum fyrirtækjum og mikill minnihluti þátttakenda skilur kröfurnar til hlítar. Nálgunin sem okkur þykir best þegar kemur að skýrslugerð næstu ára er að byrja snemma og hófum við undirbúningsvinnuna fyrir rúmu ári, en svo tókum við eitt skef í einu þangað til við komumst á áfangastað. Við njótum góðs af tengslaneti við aðra IKEA sérleyfishafa og opnu samtali innan sjálfbærnisamfélagsins hér á landi. Okkur þykja tækifæri fólgin í þessari vinnu því sannarlega eru mörg verkefni framundan sem eflaust varpa nýju ljósi á reksturinn okkar en hefði ekki verið farið út í að öðrum kosti.

Við eins og mörg önnur fyrirtæki störfum í húsnæði sem var ekki hannað með tilliti til tæknilegra möguleika nútímans, þegar t.d. hliðrænir mælar voru sjálfsagður valkostur fyrir vatn og ekki þótti ástæða til að mæla nema á einum stað. Við höfum það verkefni fyrir okkur að endurskoða mælinganetið okkar, en slíkt verður gert heildrænt fyrir önnur svið eins og matarsóun og úrgang eða rýrnun í heimsendingum. Við höfum kjörið tækifæri til þess nú þegar við höfum tekið í gagnið nýja viðbyggingu. Fyrri mælingar eru því allar komnar með fyrirvara vegna breytinga.







Fyrr í skýrslunni var talað um hvað skilningur og vitund hefur þróast hratt og það á sömuleiðis við hjá okkur. Mælingarnar okkar endurspeglar það. Það er ekki nýr sannleikur fyrir okkur að aðföng og seldar vörur í Umfangi 3 fyrir losunarbókhaldið eru ekki nægjanlega talin fram en þar hefur tækniþróunin ekki verið jafnhröð og fyrir eldsneyti, vatn, rafmagn og sorp. Við erum með mjög mikil umsvif á þessu sviði og því höfum við valið að telja þessar tölur ekki fram frekar en að gefa út tölur sem endurspeglar ekki raunveruleikann eða væru í versta falli villandi. Þegar viðeigandi lausn finnst munum við ráða bót á þessu.

Losun frá jarðefnaeldsneyti er enn tilfinnanleg í okkar rekstri en horft hefur verið til rafknúinna vörubíla til að draga úr þeirri losun. Þróun hjá bílaframleiðendum hefur verið ör á sviði rafbíla en vegna þess hve þungar rafhlöðurnar eru kemur það niður á leyfilegri farmþyngd auk þess sem bæði kostnaður og innviðir hafa hamlað framan af.

Minni bílar hafa flestir verið endurnýjaðir sem rafbílar, bæði þeir sem fara í útleigu til viðskiptavina og þjónustubílar við fyrirtækið. Það er stefnan að draga úr þessari losun og verður opið verkefni þar til öll farartæki eru knúin rafmagni eða öðrum umhverfisvænum orkugjafa.

Margar aðgerðir sem við förum í til að mæta sjálfbærnimarkmiðum eða almennt lágmarka neikvæð áhrif stangast á við venjur samfélagsins undanfarna áratugi. Ekki þarf að fara lengra aftur en til þess þegar farið var að flokka lífrænan úrgang frá blönduðum inni á heimilum og allt ætlaði um koll að keyra. Þetta er eins innan fyrirtækja og þarf þess vegna stöðugt að hafa hugann við verkfæri breytingastjórnunar þegar við ætlum að breyta út frá vananum. Hjá jafn fjölmennu og fjölmennarlegu fyrirtæki og IKEA er þurfum við að huga sérstaklega að þessum málum til að verkefni og breytingar nái fram að ganga. Þetta sama einkenni IKEA, fjölmenni og fjölmennung, er engu að síður einn helsti kostur og auðlind okkar, þegar ólík sjónarmið, reynsla og þekking hafa áhrif á hvað við gerum og hvernig það er gert.





# Umræða

**Nýja viðbyggingin**

**Stefnumótun og gæðastjórnun**

**Græni plúsinn**

**Miðstöð slysavarna barna**

**Plastplan**

**Ný gerð umbúðapappírs**

**Verðskuldað traust**

# Nýja viðbyggingin

Undir lok ársins 2022 hófust framkvæmdir á 12.500 fermetra viðbyggingu við höfuðstöðvar okkar að Kaupþúni 4. Áður var húsnæðið 22.500 fermetrar en að loknum framkvæmdum 35.000 fermetrar og er því um þriðjungs stækkun. Áður voru tvö vöruhús og afgreiðslur á vegum IKEA, að Kaupþúni 3 og Suðurhrauni 10 og er nýju húsnæði ætlað að einfalda bæði starfsfólki og viðskiptavinum okkar lífið. Starfsfólkinu með betri og rýmri aðstöðu undir einu þaki, og viðskiptavinum með því að vera með allar vörurnar á sama stað og einnig til að mæta breyttum þörfum þeirra í tengslum við netverslun.

Viðbyggingin hýsir vörumóttöku, lager sem tekur mest rými í nýbyggingunni, heimsendingar auk vöruafgreiðslu fyrir netverslun. Skrifstofur IKEA og stoðdeildir voru þá einnig fluttar í nýju viðbygginguna og starfsfólk fær þar starfsaðstöðu í takt við tímann. Eldri byggingin sem tekin var í notkun árið 2006 var fyrir löngu orðin of lítil fyrir okkur og ansi þröngt á þingi hjá mörgum deildum.

Það var því mikil gleði hjá starfsfólkinu okkar þegar við tókum nýju viðbygginguna í notkun um mitt árið 2024, fyrst lager og vörumóttöku en síðar skrifstofu og smíðjur stoðdeildanna. Það er enn vinna í gangi við frágang á nokkrum svæðum en búist er við að hún klárast á haustmánuðum 2024.

Eins og búast má við er svo nýleg bygging mjög snjöll, með miðlæg kerfi fyrir öryggi, brunavarnir, aðgangskerfi og ljós. Hugsað er til lágmörkunar á orku- og vatnsnotkun og því eru öll ljós LED auk þess að vera forrituð til að minnka birtustig utan vinnutíma og blöndunartæki eru öll með hreyfiskynjurum og/eða takmörkun á flæði.

Skrifborð eru öll stillanleg til að gefa kost á heilsusamlegri skrifborðsvinnu, mikið er um náttúrulega birtu auk þess sem innigarður fyrir starfsmenn er notalegur og gefur færi á að taka sér hlé og skipta um umhverfi á miðjum vinnudegi.

Aðalverktaki byggingarinnar er Ístak verður verkið fullklárað í nóvember 2024.





# Stefnumótun og gæðastjórnun

IKEA á Íslandi er rótgróið fyrirtæki sem sækir mikið í hugmyndafræði IKEA á heimsvísu hvað varðar stefnur og verklag. Reglulega þurfum við þó að líta í spegilinn og endurskoða hver við erum og hvert við stefnum. Þessi og komandi misseri vinnum við að gagngerrni endurskoðun á stefnunum okkar og hvernig við munum bæta almenna gæðastjórnun. Ekkert gerist upp úr þurru en nokkrir þættir hafa hvatt okkur til að fara í þessa vinnu.

## IConduct

Fyrst er að nefna kröfur IKEA á heimsvísu til sérleyfishafa, IConduct, sem taka á öllum rekstrarþáttunum okkar svipað og ISO-staðlar. Kerfið byggir á sjö köflum:

1. Fólk og samfélag
2. Jörðin
3. Vörugæði og öryggi
4. Viðskiptasiðfræði
5. Meðferð upplýsinga
6. Heilsa, öryggi og gæsla
7. Viðskiptasambönd

IConduct er fylgt eftir með úttektum fulltrúa Inter IKEA Systems B.V. sem á IKEA vörumerkið og þykir hafa sýnt góðan árangur hjá sérleyfishöfum. IConduct byggir einnig á innri úttektum og sjálfsmati sem hjálpar okkur að viðhalda kröfunum.

## IWAY

Frá IKEA kemur líka IWAY, samræmt kerfi sem birgjar IKEA um allan heim þurfa að uppfylla. IWAY tekur á réttindum og öryggi starfsmanna, nauðungarvinnu og barnaþrælkun, dýravelferð og sjálfbærri öflun aðfanga í framleiðslu fyrir IKEA. Það eru sérleyfishafar sem fylgja eftir úttektum og fá til þess sérstaka þjálfun frá sérfræðingum að utan en þar að auki fá fulltrúar IKEA á heimsvísu að fylgja með í stöku úttektir til að meta gæði þeirra. Við erum að taka okkar fyrstu skref með IWAY hér á Íslandi en þökk sé bæði lagaumhverfi og almennri þátttöku í stéttarfélögum búumst við ekki við öðru en að úttektir af þessari sort verði auðsóttar til birgjanna okkar.

## Reglugerð um sjálfbærnisráskýrslur

Væntanleg er reglugerð um skil á samræmdum sjálfbærnisráskýrslum eða uppgjöri ófjárhagslegra upplýsinga. Sú reglugerð byggir á CSRD<sup>1</sup> reglugerð Evrópuráðsins og verður útfærð skv. skýrslustöðlum ESRS<sup>2</sup>. Þetta kallar á að við byggjum upp kerfi sem styður við slíka skýrslugjöf. Við viljum síður tvívinnu hlutina svo það sem ratar sem dæmi í úttektir á IConduct, upplýsingar sem við birtum í ársreikningi og sjálfbærnisráskýrslum á allt að sækja í sama brunn.








<sup>1</sup> Corporate Social Responsibility Directive og

<sup>2</sup> European Sustainability Reporting Standards:  
[https://finance.ec.europa.eu/capital-markets-union-and-financial-markets/company-reporting-and-auditing/company-reporting/corporate-sustainability-reporting\\_en](https://finance.ec.europa.eu/capital-markets-union-and-financial-markets/company-reporting-and-auditing/company-reporting/corporate-sustainability-reporting_en)




# Græni plúsinn

Græni plúsinn er myndmerki sem IKEA hefur notað til að leiðbeina viðskiptavinum sínum í átt að vörum sem leggja sitt af mörkum í átt að sjálfbærni. Sjálfbær neysla er flókin því það eru fáar fjöldaframleiddar afurðir sem við getum sagt að séu sjálfbærar. Vörur geta hins vegar stuðlað að sjálfbærni á margvíslegan hátt. Þess vegna segjum við að þar sem græni plúsinn birtist sé eitthvað sjálfbært á seyði. Nokkur dæmi um hvað við eigum við með sjálfbærum þáttum eru eftirfarandi:

-  Vara búin til úr endurunnu hráefni eins og pólýester
-  Búin til úr endurvinnanlegu hráefni eins og timbri
-  Búin til úr sjálfbæru, endurnýjanlegu hráefni eins og bambus
-  Búin til án skaðlegra efna sem finnast í sambærilegum vörum eins og BPA í plasti
-  Hönnun eða framleiðsla styður viðkvæma menningarhópa
-  Hönnun styður við hringrásarhagkerfið með útskiptanlegu áklæði eða viðgerðarhæfi
-  Dregur úr auðlindanotkun eins og orkusparandi heimilistæki, LED ljós eða blöndunartæki með takmörkuðu vatnsflæði

Þetta er alls ekki tæmandi listi en gefur okkur hugmynd um hversu fjölbreytt sjálfbærnin getur verið og hvers vegna neytendum getur þótt erfitt að finna sjálfbærari valkostinn. Þar finnst okkur við bera ábyrgð, að leiðbeina viðskiptavinum okkar um vöruúrvalið. Um alla verslunina er að finna upplýsingar um hvers vegna vörurnar eru merktar græna plúsinum og hagnýt ráð um hvernig kaupandi getur lengt líftíma vörunnar eða frískað upp á hana með litlum tilkostnaði.

Græni plúsinn er einnig farinn að birtast á samfélagsmiðlum og fréttabréfum með sjálfbærnimolunum okkar sem taka á ýmsum þáttum sjálfbærni hjá IKEA. Við vonumst með því að auka sjálfbærnivitund neytenda og stuðla þannig að ábyrgara neyslumynstri, ekki bara á meðal okkar viðskiptavina heldur í öllu samfélaginu.




# Miðstöð slysavarna barna

Miðstöð slysavarna barna (MSB), undir stjórn Herdísar Storgaard, hefur frá árinu 1991 unnið ötullega að auknu öryggi barna. Árangur verkefnisins fer ekki á milli mála og hefur alvarlegum slysum barna fækkað umtalsvert síðan þá. Upphaf verkefnisins má rekja til samantektar á tölfræði þess tíma sem sýndi fram á fjölda slysa og dauðsfalla barna sem rekja mátti til ófullnægjandi slysavarna hér á landi, samanborið við nágrannalönd.

MSB hefur unnið að aukinni þekkingu bæði fagfólks og almennings á slysavörnum barna, á heimilum, í skólum og víðar. Í fyrstu var verkefnið í formi fyrirlestra, fræðsluefnis og með því að fræða fagfólk, t.d. kennara og heilbrigðisstarfsfólk sem gæti breitt út boðskapinn. Árið 2006 opnaði fyrsta kennslurýmið í formi íbúðar þar sem hægt var að fara yfir og sýna raunverulegar hættur á heimilum. IKEA gaf húsbúnað í það húsnæði og hefur uppfært hann þegar miðstöðin hefur skipt um húsnæði. IKEA hefur verið stærsti styrktaraðili miðstöðvarinnar í tæp tuttugu ár og hún er í dag styrkt af IKEA og Sjóvá. Hjá IKEA tölum við um börn sem mikilvægasta fólkið og öryggi þeirra er ein af lykiláherslum okkar í vöruþróun og vöruúrvali. Það sýnum við í verki meðal annars með stuðningi og samstarfi við MSB.


Herdís Storgaard vinnur enn af krafti að öryggi barna. Í húsnæði MSB við Hátún hefur hún boðið upp á gjaldfrjáls námskeið í öryggi barna og hefur starfað með ljósmæðrum og heilsugæslunni að því að koma upplýsingum til verðandi og nýbakaðra foreldra. Kynntu þér málið á vef verkefnisins MSB.IS. Herdís hefur undanfarin ár jafnframt sinnt verkefnum fyrir IKEA of Sweden, þar sem allar IKEA vörur eru hannaðar. Þar stýrir hún þjálfun vöruhönnuða og fleiri í öryggi barna. Hún er einnig hluti af alþjóðlegu ráðgjafaráði IKEA fyrir börn.





# Plastplan

Árið 2024 höldum við áfram samstarfi við Plastplan, frumkvöðlafyrirtæki sem endurvinnur plast og veitir því nýjan tilgang í formi nytjahluta. Mánaðarlega sækir starfsfólk Plastplans plast til IKEA sem eftir hugmyndavinnu, hönnun og prófanir verða úr hlutir sem koma til með að gagnast okkur eða viðskiptavinum okkar á einhvern hátt. Samstarfið hefur fætt af sér ýmsa hluti en sá nýjasti, lítill eftirlíking af SAMLA kassa, nýtist okkur meðal annars til að skipuleggja og geyma skrifstofuvörur á skrifborðunum okkar.







## Ný gerð umbúðapappírs

IKEA hefur ákveðið að fjarlægja allt einnota umbúðaplast sem endar hjá neytendum fyrir FY28. Hjá IKEA eiga umbúðir að vera bæði ódýrar og sjálfbærar og enginn afsláttur gefinn af hvorum eiginleika. Næsta skrefið í átt að plastlausum umbúðum er tilraunaverkefni við að skipta yfir í nýja gerð umbúðapappírs fyrir vörubretti í verksmiðjum IKEA og minnka þannig kolefnislosun en mæta samt kröfum birgðakeðjunnar.

Umbúðaplastið sem er núna í notkun kemur bæði frá verksmiðjum IKEA og birgjum, nokkuð jafnskipt. Með því að breyta yfir í umbúðapappír í verksmiðjum IKEA gæti kolefnissporið af umbúðunum minnkað um 30%. Ef verkefnið heppnast vel verður tæknin boðin birgjum IKEA en umskiptin eiga ekki að auka rekstrarkostnað og eiga að uppfylla allar sömu kröfur um umbúðir vörubretta og umbúðaplastið hefur uppfyllt hingað til, bara með mun minni kolefnislosun.

# Verðskuldað traust

Við fáum stundum fyrirspurnir um hvers vegna IKEA vörur beri ekki vottunarkerki um sjálfbærni eða gæði eins og margir framleiðendur bjóða upp á. Stærð keðjunnar og dreifing um allan heim ræður þar mest um enda eru nánast öll vottunarkerfi staðbundin við eina álfu eða jafnvel minna landfræðilegt svæði eins og Norræni Svanurinn sem við þekkjum vel hér á landi. Það átta sig fæstir á að í heiminum eru um 350 sjálfbærnivottunarkerki og af þeim eru 236 sem gætu náð yfir starfsemi IKEA vörumerkisins<sup>1</sup>. Áhrif vottunarkerkja eru tvíeggja sverð eftir því hversu vel neytendur þekkja til þeirra. Vottunarkerki sem er vel þekkt ýtir undir traust á vörunni, vekur jákvæð viðbrögð og stuðlar að aukinni sölu. Þau sem eru aftur á móti ókunnug eða ekki vel þekkt á svæðinu ýta undir neikvæðar tengingar við vöruna, eykur tortryggni og getur haft skaðleg áhrif á trúverðugleika bæði vöru og framleiðanda<sup>2</sup>. Ein vottun myndi því aldrei virka fyrir IKEA vörur og vottunarferli fyrir mörg kerfi væri mjög óhagkvæm nálgun, bæði gagnvart tíma og fjármagni.

IKEA hefur alltaf lagt mikið upp úr að neytendur geti treyst vörunum sínum hvað varðar öryggi og gæði. Ítarlegar prófanir eru framkvæmdar, úttektir eru gerðar á birgjum og innri úttektir á verksmiðjum IKEA, það eru strangar reglur um hvaða efni eru leyfileg í vörunum og sem mest af efnivið er af sjálfbærum uppruna.

Hugmyndafræði IKEA er sú að vörumerkið sé gæðamerki út af fyrir sig, ef neytendur sjá IKEA kenna sig við ákveðna vöru hafi hún farið í gegnum strangt ferli gæða- og öryggiskrafna á pari við þær sem vottunarkerki byggja mörg á. Hér á landi hefur IKEA fengið vörur og vörulínur samþykktar af Norræna Svaninum til notkunar í Svansvottuðu húsnæði að beiðni viðskiptavina og hafa slíkar umsóknir verið auðsóttar þökk sé ströngum kröfum IKEA til eigin afurða.


Það er þó fjarri lagi að IKEA taki afstöðu gegn vottunum og treystir mikið á svokallaðar B2B-vottanir fyrir sína hráefnisbirgja.

Nær allar timburafurðir koma frá FSC-vottuðum aðilum, bómull þarf að standast eitt af þremur samþykktum vottunarkerfum, fiskmeti á veitingastöðum er MSC- eða ASC-vottað, til er lífrænt vottað kaffi undir vörumerki IKEA auk þess sem við sækjum sjálf vottun fyrir einstaka vörur eins og UNDVÍKA fjölnota lásinn.

Með hverri vöru merktri IKEA fylgir því loforð um bæði öryggi og gæði. Loforð sem IKEA treystir sér til að standa við.

<sup>1</sup> International Trade Center – Standards Map App: <https://www.standardmap.org/>

<sup>2</sup> Riskos, Kyriakos & Dekoulou, Paraskevi-Evi & Mylonas, Naoum & Tsourvakas, George. (2021). Ecolabels and the Attitude - Behavior Relationship towards Green Product Purchase: A Multiple Mediation Model. Sustainability. 13. 6867. 10.3390/su13126867.





# Fylgstu með okkur

Allt það nýjasta á heimasíðunni okkar **IKEA.is**

Einnig erum við á

**facebook.com/IKEAiceland**

**Instagram, @ikeaisland**

**TikTok, @ikeaisland**

En best erum við í eigin persónu í Kaupþúni 4

